

Nd.

## 842. Nefndarálit

[328. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að selja sem flest fyrirtæki sem ríkissjóður á hlutdeild að og það án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða að því er virðist. Ljóst dæmi um þetta er fyrirliggjandi frumvarp um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands, en ríkið á nú um 27% af hlutafé bankans. Nær alltaf hefur verð greiddur arður af þessu hlutafé til ríkisins og hefur hann numið 5% á undanförnum árum. Þá hefur hlutaféð verið fært upp reglulega samkvæmt vísitölu, t. d. um 71% á árinu 1983.

Samstarf ríkisins og annarra hluthafa að bankanum hefur gengið vel og snurðulaust frá stofnun bankans fyrir röskum 30 árum og ekki hafa heyrt neinar kvartanir frá starfsmönnum bankans vegna þess. Þetta samstarf hefur verið bankanum til styrktar og ríkinu til gagns, m. a. hefur bankinn veitt stjórnvöldum margháttar upplýsingar um þróun lánamála og aðrar hagstærðir varðandi iðnaðinn í landinu á þessu tímabili. Þá hefur Iðnláanasjóður verið í vörslu Iðnaðarbankans frá stofnun bankans og nú liggur frumvarp fyrir Alþingi um að sameina Iðnrekstrarsjóð Iðnláanasjóði. Starfsemi Iðnrekstrarsjóðs varðar iðnþróun í landinu þar sem sjóðnum er ætlað að veita styrki og áhættulán, svo og ábyrgðir vegna nýmæla og þróunarstarfsemi í iðnaði. Það er tvísýnt að leggja vörslu slíks fjármagns í hendur einkabanka og mælir það með öðru gegn þessu frumvarpi um sölu á hlut ríkisins í Iðnaðarbankanum.

Ekki er hægt að fallast á að sölustefna núverandi ríkisstjórnar sé markmið í sjálfu sér og taka ber afstöðu til aðildar ríkisins að fyrirtækjum og atvinnurekstri hverju sinni. Engin efnisleg rök hafa komið fram af hálfu þeirra sem flytja þetta frumvarp um sölu á hlutabréfum, og engin leið er að fallast á hagkvæmni þess að selja hlutabréf í banka sem er í góðu gengi og gefur arð og lofar góðu í framtíðinni.

Minni hl. iðnaðarnefndar leggur því til að frumvarp þetta verði fellt en áskilur sér rétt til að standa að og fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 11. maí 1984.

Hjörleifur Guttormsson,  
fundaskr.

Kristín Halldórsdóttir,  
frsm.